

Alþingi
Erindi nr. P 138/2927
komudagur 19.7.2010

SUNN Samtök um
náttúruvernd
á Norðurlandi

Umsögn um Frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Pskj. 1280 — 660. mál á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

SUNN, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, leggja áherslu á að það sem kemur fram í 3. grein frumvarpsins um að verndar- og nýtingaráætlun taki ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd. Í sjálfu sér er ekki hægt, lagalega séð, að vera andvígur því að undantekning sé um þau svæði þar sem í friðlýsingarskilmálum kann að vera tekið fram að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði, eins og kemur fram í sömu grein. En jafnframt skal undirstrikað að slík undanþáguákvæði ættu að vera algerar undantekningar og að stefna skyldi að því að fella þess háttar undanþágur úr gildi eftir því sem kostur er.

Einnig er tekið undir og lögð áhersla á að það verði skylda stjórnvalda að vinna að friðlýsingu þeirra svæða sem rammaáætlunarvinna leiðir í ljós að hafi verndargildi og þurfi að friðlýsa til að koma í veg fyrir spjöll vegna orkuvinnslu, sbr. t.d. 6. grein og efirfarandi orð í athugasemdum við frumvarpið: „Einnig er gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlunin skyldi stjórnvöld til að hefja friðlýsingarferli vegna þeirra landsvæða sem talið er að rétt sé að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.“

Að öðru leyti hafa samtökin ekki haft tíma og aðstöðu til að leggjast yfir einstakar greinar frumvarpsins. Samtökin undirstrika að það sem komið hefur fram í málflutningi forsvarsmanna þeirra að rammaáætlunin er gerð af sjónarhóli orkuvinnslunnar en hún er sem slík ekki náttúruverndaráætlun. Í fagvinnunni er hins vegar mikilvægt framlag með upplýsingaöflun sem nýta má í náttúruverndaráætlunin. Ákvæði 6. gr. þarf því að samhæfa við náttúruverndaráætlun hverju sinni.

F.h. SUNN

19. júlí 2010

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
formaður
s. 869 4217